

Til Evu Margrétar Ævarsdóttur nefndarritara,
Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

18. febrúar 2003

Krabbameinsfélag Íslands hefur fengið til umsagnar **Till. t. þátt. um frekari uppbyggingu endurhæfingar við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, 28. mál 128 löggjafarþings 2002-2003.**

Krabbameinsfélagið hefur lengi hvatt til uppbyggingar endurhæfingar fyrir krabbameinssjúklinga. Hafa það ekki síst verið stuðningshópar krabbameinssjúklinga sem starfa innan vébanda félagsins sem hafa verið öflugastir í baráttu fyrir betri úrræðum á þessu sviði.

Svo undarlegt sem það má virðast hefur ekki verið um neina skipulega endurhæfingu fyrir þennan hóp sjúklinga að ræða á vegum heilbrigðisþjónustunnar en þörfin fyrir margvíslegan stuðning mjög brýn. Sá hópur sem gæti notið góðs af slíkri endurhæfingu hefur farið vaxandi af því að batahorfur krabbameinssjúklinga hafa sem betur fer farið batnandi á undanföllum árum og nú eru meira en sjö þúsund manns á lífi sem hafa fengið krabbamein.

Það eru því margir sem komast út í lífið á nýjan leik til starfa og þátttöku í samfélaginu og brýnt að þeir njóti stuðnings til þess.

Í síðasta þjóðarátaki og landssöfnun Krabbameinsfélagsins í mars 2001 var m.a. lögð áhersla á mikilvægi þess að hefjast handa um uppbyggingu endurhæfingar fyrir krabbameinssjúklinga. Þar er hlutur hins opinbera stór en áhugamannafélög og þar með krabbameinssjúklingarnir sjálfir hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna og er nú að hefjast nýr áfangi í því starfi á vegum Krabbameinsfélagsins. Fyrirhugað er að það starf muni að hluta til ná til landsins alls t.d. með námskeiðum.


Það er hins vegar afar brýnt að í hverri heimabyggð sé tekin ábyrgð á skipulagningu endurhæfingarstarfs sem tengst gæti frumkvæði eins og því sem Krabbameinsfélagið hefur sýnt og hyggst þróa áfram. Þannig gæti framlag stjórnvalda og áhugamannafélaga orðið til þess að efla þá þjónustu sem stæði sjúklingunum til boða og flýta fyrir þátttöku þeirra í þjóðlífinu á nýjan leik.

Öll endurhæfing er þörf og brýn þeim sem geta bætt heilsu sína og eins og bent hefur verið á í sambandi við krabbameinssjúklinga hlýtur svipað að eiga við um almenna

endurhæfingu, þ.e. að nauðsynlegt er að skipuleggja hana í heimabyggð. Því fylgir mikið hagræði fyrir sjúklingana og hlýtur einnig að hafa talsverðan sparnað í för með sér m.þ.a. stytta legutíma á sjúkrastofnunum og minnka vinnutap.

Fyrir hönd stjórnar Krabbameinsfélagsins vil ég því leggja til að þessi þált. verði samþykkt.

Með vinsemd,


Guðrún Agnarsdóttir forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands